

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIX. árgangur.

1958

Miðvikudaginn 8. janúar 1958.

Nr. 218/1957. Hótel Skjaldbreið h/f
gegn
Ingólfi Ingólfssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli frestað sjálfkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðs-dóms um málskostnað með kæru 16. nóvember 1957, er barst dóminum hinn 24. desember s. á.

Varnaraðili hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu 27. nóvember 1957 til þingfestingar í febrúarmánuði n.k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Alyktunarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt fram-angreindu.